

Foreldrahandbók Skarðshlíðarleikskóla



Efnisyfirlit

Velkomin í Skarðshlíðarleikskóla.....	3
Fjölgreindarkenningin	3
Uppeldi til ábyrgðar/Uppbyggingastefnan	4
Að byrja í leikskóla	4
Pátttökuaðlögun	5
Aðlögun milli deilda	5
Trúnaður	5
Karellen	6
Opnunartími.....	6
Að koma og fara.....	6
Dagskipulag	6
Suðurgangur.....	6
Norðurgangur.....	7
Matstofan.....	7
Samverustundir.....	7
Hvöld	7
Útivera.....	8
Fataklefinn	8
Fatnaður.....	8
Afmæli.....	8
Skemmtanir og aðrir viðburðir.....	9
Leikföng.....	9
Samstarf skólastofnanna í Skarðshlíð	9
Veikindi	9
Lyf.....	10
Óhöpp eða slys/tryggingar	10
Breytingar á högum.....	10
Vernd barna og ungmenna	10
Leikskólagjöld.....	10
Vistunartími.....	10
Foreldrafélag.....	11
Foreldraráð	11
Skipulagsdagar	11
Sumarleyfi og frídagar.....	11
Lokaorð	11

Velkomin í Skarðshlíðarleikskóla

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Verið þið og barnið ykkar velkomin í Skarðshlíðarleikskóla. Við viljum veita ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengjast starfsemi leikskólans sem nauðsynlegt er fyrir foreldra/forráðamenn að vita. Skarðshlíðarleikskóli er staðsettur í Vallarhverfinu í Hafnarfirði og tók hann til starfa 9. ágúst 2019. Í leikskólanum eru fjórar heimastofur þar sem um 80 börn geta dvalið samtímis og starfsmenn geta verið um 25 talsins. Skólinn skiptist í suðurgang og norðurgang og matstofu sem skilur gangana að. Á suðurgangi eiga yngri börnin tvær heimastofur, þau allra yngstu á Laut og næstu yngstu á Lyngi. Á norðurgangi eru einnig tvær heimastofur, Hraun og Hóll, fyrir næst elstu og elstu börnin.

Skarðshlíðarleikskóli er með heimasíðu þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um skólann. Reynt er að setja reglulega fréttir af starfinu og myndir auk þess sem þar má sjá hvaða viðburðir eru framundan, dagatal, matseðil og fleira. Heimasíða leikskólans er: skardshlid.leikskolinn.is

Aðalsímanúmer leikskólans er 527 7380

Önnur innanhúsnúmer eru:

527 7381 Berglind leikskólastjóri
527 7382 Katrín aðstoðarleikskólastjóri
527 7383 Sigurrós sérkennslustjóri
527 7385 Hraun
527 7386 Hóll
527 7387 Lyng
527 7388 Laut

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008 og Aðlanámskrá leikskóla. Hann er rekinn af Hafnarfjarðarbæ og hefur Mennta og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar eftirlit með fag- og rekstrarlegum þáttum starfsins. Leikskólinn hefur Fjölgreindarkenningu Gardners að leiðarljósi í öllu starfi og mun í framtíðinni vinna markvisst með hana. Skarðshlíðarleikskóli vinnur einnig eftir *Uppeldi til ábyrgðar* og leggur áherslu á að vera lærdómssamfélag. Áhersla er á læsi í samræmi við læsisstefnu Hafnarfjarðar, Lestur er lífsins leikur.

Fjölgreindarkenningin

Í Skarðshlíðarleikskóla er stefnt að því að vinna markvisst eftir Fjölgreindarkenningu Gardners. Kenninguna setti Gardner fram árið 1983 í bókinni *Frames of Mind*, en Gardner gagnrýndi hefðbundin greindarvísitölu-próf og sagði að aðeins væri til ein greind sem væri hægt að mæla með prófi.

Þær greindir sem Howard Gardner hefur kortlagt eru eftirfarandi:

- **Málgreind:** Hæfileiki til að hafa áhrif með orðum, bæði munnlega og skriflega.
- **Rök- og stærðfræðigreind:** Hæfileiki til að nota tölur á árangursríkan hátt og hugsa rökrétt.
- **Rýmisgreind:** Hæfileiki til að skynja hið sjónræna og rúmfræðilegt umhverfi.
- **Líkams- og hreyfigreind:** Færni í að nota allan líkamann til að tjá hugmyndir og tilfinningar og leikni til að búa til hluti og nota þá.

- **Tónlistargreind:** Hæfileiki til að skynja, meta, skapa og tjá tónlist.
- **Samskiptagreind:** Hæfileiki til að skilja og greina skap og tilfinningar annarra.
- **Sjálfsþekkingargreind:** Sjálfsþekking og hæfni til að lifa og starfa á grunni þeirrar þekkingar. Skýr sjálfsmynd og þekking á eigin styrk og veikleikum.
- **Umhverfisgreind:** Hæfni í að þekkja og flokka fjölda tegunda úr jurta- og dýraríkinu auk næmni fyrir fyrirbærum náttúrunnar.

Okkar sýn er sú að við lærum best í gegnum þá greind sem við erum sterkust í. T.d. ef barn er sterkt í tónlistargreind en er síðra í stærðfærði og rökhugsun þá kennum við því stærðfræði í gegnum tónlist, syngjum t.d. lög um tölur. Með tímanum er það okkar trú að börnin verði góð í að yfirfæra þekkingu á aðrar aðstæður.

Okkar framtíðarsýn er að geta unnið markvisst með greindarkenninguna þar sem allt leiksvæði er nýtt, inni sem úti, og er unnið með mismunandi greind á hverju svæði. Börn af öllum heimastofum geta svo flætt um allt svæðið og fundið sér viðfangsefni sem heillar þau mest hverju sinni. Húsnæði Skarðshlíðarleikskóla þykir okkur henta einkar vel fyrir Hringekju þar sem það er opið, rúmgott og yfirsýn góð. Kennarar eru með innlögð sem þeir nota til þess að vekja áhuga barnanna á viðfangsefni dagsins. Þeir eru til staðar fyrir börnin, taka þátt í leiknum og glæða hann eftir þörfum. Einnig verða kennarar til staðar til að aðstoða börnin að fara á milli svæða.

Mikil áhersla er lögð á að börnin læri í gegnum leik og að þau upplifi sig sem sterka einstaklinga. Við trúum því að leikur sé besta námsleiðin fyrir börn og í gegnum hann læri þau meðal annars að taka ákvarðanir, leysa úr vandamálum, samvinnu, eflist í félagsfærni og skapandi hugsun.

Uppeldi til ábyrgðar/Uppbyggingastefnan

Í Skarðshlíðarleikskóla eru unnið eftir uppbyggingarstefnunni en hún byggist m.a. á hugmyndafræði Diane Gossen frá Kanada. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórnast út frá geðþótta annarra. Sýn

Uppbyggingarstefnunnar er að við séum öll með fimm grunnþarfir sem við þurfum að hafa jafnvægi á svo okkur líði vel. Þarfirnar eru: Öryggi, umhyggja, frelsi, gleði og áhrif. Við viljum kenna börnum sjálfsstjórn og sjálfsaga, að þau taki ábyrgð á eigin orðum og gerðum og þjálfist í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Börnin læra einnig að það sé í lagi að gera mistök og hvernig megi læra af þeim. Hlutverk fullorðinna er að kenna og styðja við jákvæð samskipti m.a. með því að vera góðar fyrirmyndir.

Að byrja í leikskóla

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Á meðan á aðlögun stendur er mikilvægt að foreldrar kynnist starfsfólki heimastofunnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum. Markmiðið með aðlögunartímanum er að gera barnið öruggt í nýju umhverfi og að hjálpa barninu að tengjast nýju fólki, bæði fullorðnum og börnum. Hafa ber í huga að hvert barn er einstakt og því er engin aðlögun eins. Það hefur sýnt sig að þau börn sem mæta reglulega eru ánægðari og þeim líður betur í leikskólanum.

Þátttökuaðlögun

Í Skarðshlíðarleikskóla eru börnum og foreldrum boðið upp á þátttökuaðlögun en hún byggist á þeirri hugmynd að börn og foreldrar séu saman að læra að vera í leikskólanum, en ekki á að börnin séu að venjast því að vera aðskilin foreldrum sínum.

Foreldrar eru með börnunum sínum í þrjá daga í leikskólanum og kynnast þannig vel starfsfólki, starfsháttum og umhverfi og eru virkir þátttakendur í starfi með barninu sínu. Með því að foreldrar séu virkir þátttakendur í starfi leikskólans frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagsskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum. Við trúum því að öruggir foreldrar smíti eigin forvitni og öryggiskennd yfir til barna sinna.

Þar sem við aðlögunum nokkur börn inn í leikskólann í einu eru gjarnan margir foreldrar samtímis á staðnum og hafa þeir tækifæri til að kynnast hver öðrum og flestum barnanna, sem getur leitt til þess að á milli þeirra myndast kunningsskapur.

Þátttökuaðlögun byggir á að foreldrar eru með börnum sínum í þrjá daga :

- Dagur 1 frá kl: 9.30 -12.00 (fara heim fyrir hvíld)
- Dagur 2 frá kl: 8.30 -14.00 (morgunmatur, hádegismatur og hvíld)
- Dagur 3 frá kl: 8.00 -15.00 (morgunmatur, hádegismatur, hvíld og síðdegishressing)

Foreldrar eru inni á heimstofu með börnum sínum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir skipuleggja daginn og útteila verkefnum. Vinsamlegast takmarkið símanotkun á meðan á aðlögun stendur.

Á fjórða degi koma börnin á sínum tíma um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega. Einstaka börn þurfa að hafa foreldra sína með sér í fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá.

Athugið að á meðan aðlögun stendur er mikilvægt er að trúnað og þagnarskyldu sé virt þar sem ljóst er að foreldrar fá óbeinar upplýsingar um önnur börn.

Aðlögun milli deilda

Heimastofur Skarðshlíðarleikskóla eru aldurskiptar og flytjast börnin á milli þeirra á sumrin og sjá starfsmenn alfarið um aðlögun. Fyrir sumarfrí fara börnin í heimsóknir yfir á þá heimastofu sem þau eiga að flytjast á og eftir sumarfrí flytja þau svo alveg yfir. Það fer eftir stærð barnahópa og aldri barna í leikskólanum hvort þau færast milli deilda en reynt er að láta börnin alltaf vera með félögum sínum á heimastofu og í aðlögun. Starfsmenn af heimastofum sem börnin hafa verið á fylgja þeim yfir á nýju deildina og eru þeim til halds og trausts fyrst um sinn.

Trúnaður

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barn og foreldra eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Það skiptir miklu máli að foreldrar/forráðamenn sýni starfsemi leikskólans, starfsfólki og öðrum börnum trúnað. Óheimilt er að taka myndir í leikskólanum af börnum annarra og birta á samskiptamiðlum. Þó er heimilt að taka myndir á hátíðum leikskólans eins og sumarhátíð. Ef foreldrar/forráðamenn verða vitni af einhverjum samskiptum eða uppákomum í leikskólunum biðjum við um að sýnd sé nærgætni og trúnaður.

Karellen

Karellen er forrit sem leikskólar í Hafnarfirði nota til að halda utan um allar upplýsingar, heimasíður, innskráningar og fleira. Mjög mikilvægt er að foreldra setji upp app í símanum sínum og sækji um aðganga að Karellen inn á <https://my.karellen.is/>. Leikskólinn getur þá sent foreldrum skilaboð, skráningar á svefntíma og hvernig barnið borðaði, myndir og fleira. Foreldrar geta einnig skráð inn veikindi/leyfi barna og sent skilaboð.

Opnunartími

Leikskólinn er opin alla virka daga frá klukkan 07.30 til 17.00. Við bendum foreldrum á að á milli klukkan 7:30 – 8:00 og 16.30 – 17.00 eru börn af öllum heimastofum saman á Lyngi eða Hrauni. Í Hafnarfirði er hámarks vistunartími leikskólabarna 8,5 klukkustundir á dag.

Að koma og fara

Í Skarðshlíðarleikskóla viljum við taka vel og hlýlega á móti börnum og foreldrum þannig að allir upplifi sig velkoma og í lok dags eru börnin kvödd og þakkað fyrir daginn. Við viljum benda foreldrum vinsamlega á mikilvægi þess að þeir sýni börnum sínum og starfsfólki þá virðingu að geyma símann þegar þeir koma með eða sækja börnin.

Skylt er að fylgja börnunum á milli heimilis og leikskóla og mikilvægt að starfsfólk sé látið vita þegar komið er með barn og það sótt. Börn verða að vera 12 ára eða eldri til að mega koma með og/eða sækja börn í leikskólann. Foreldrar/forráðamenn fylla út eyðublað í upphafi leikskólagöngu þar sem fram kemur hverjir koma til með að sækja barnið en nauðsynlegt er samt að láta vita daglega ef annar en foreldri/forráðamaður sækir. Þegar börn þurfa að fara til læknis innan vistunartímans er gott að láta starfsmenn leikskólans vita af því þegar komið er með barnið í leikskólann.

Hliðin inn á lóð leikskólans er öryggistæki hjá okkur og börnunum er ekki heimilt að klifra í því eða opna það. Mikilvægt er að foreldrar hafi sömu reglur og leyfa barninu ekki að opna hliðið.

Dagskipulag

Dagskipulagi er ætlað að vera sveiganlegur rammi utan um leikskólastarfið þar sem ríkir jafnvægi frjálsra og skipulagðra stunda, inniveru og útiveru. Dagskipulagið er ætíð sniðið að þörfum barna, þroska þeirra og samsetningu barnahópsins svo og aðstæðum og öðrum ytri skilyrðum. Skipulag og ákveðnar tímasetningar dagsins gefa starfinu festu og öryggi fyrir börn, starfsfólk og foreldra en er þó sveigjanlegt og veitir svigrúm til þess að bregða út af þegar þörf er á.

Í Skarðshlíðarleikskóla eru fjórar heimastofur, tvær á suðurgangi og tvær á norðurgangi. Suðurgangur er fyrir aldurinn 15 mánaða til þriggja ára og á norðurgangur fyrir þriggja til sex ára.

Dagskipulagið tekur því mið að aldri barna:

Suðurgangur

Kl. 07.30 – 08.00 Leikskólinn opnar

Kl. 08.00 – 09.00 Morgunverður og frjáls leikur

Kl. 09.00 – 10.30 Frjáls leikur/útivera

Kl. 10.30 – 11.00 Bleyjuskípti og samverustund

Kl. 11.00 – 11.30 Hádegismatur

Kl. 11.30 – 13.30 Hvíld (lengd hvíldar stýrist af þörfum barna)

Kl. 13.30 – 14.30 Bleyjuskípti/Útivera/frjáls leikur

Kl. 14.30 – 15.00 Síðdegishressing
Kl. 15.10 – 17.00 Frjáls leikur – leikskólinn lokar

Norðurgangur

Kl. 07.30 – 08.00 Leikskólinn opnar
Kl. 08.00 – 09.00 Morgunmat og frjáls leikur
Kl. 09.00 – 11.30 Frjáls leikur/útivera
Kl. 11.30 – 12.30 Hádegismatur
Kl. 12.30 – 13.00 Róleg stund/hvöld
Kl. 13.00 – 14.30 Útivera/frjáls leikur
Kl. 14.45 – 15.15 Síðdegishressing
Kl. 15.15 – 17.00 Frjáls leikur – leikskólinn lokar

Börnin fá ávexti í millimála fyrir hádegi og eftir hvíld eða síðdegishressingu.

Matstofan

Í Skarðshlíðarleikskóla erum við með matstofu þar sem öll börn leikskólans borða. Boðið er upp á þrjár máltíðir á dag, morgunmat, hádegismat og nónhressingu og svo fá börnin ávexti inn á heimastofum tvisvar á dag. Stefna okkar í Skarðshlíðarleikskóla er að geta boðið börnum okkar upp á hollan og góðan mat og erum við í góðu samstarfi við Skólamat. Matseðill Skólamatar er að finna inn á heimasíðu leikskólans. Börnin eru hvött til að bjarga sér sjálf í matsalnum, ná í disk, skammta sér mátulega af mat og finna sér sæti, en þannig eflum við sjálfbjörg þeirra. Við viljum hafa notalegt andrúmsloft á matmálstímum og að börnin finni að þau geti haft áhrif á hvað þau eru lengi að borða og eigi þar góða samverustund með félögum sínum.

Samverustundir

Í samverustundum er m.a. lögð áhersla á málörvun og notalega samveru barna og fullorðinna. Þar er sungið, lesið og farið í leiki. Lengd stundanna miðast við aldur og úthald barna. Á föstudögum er haldin sameiginleg söngstund í matsalnum, en þá hittast allar heimastofur og syngja saman lög.

Hvöld

Við teljum að öll börn þurfi að upplifa rólega stund eftir hádegismat, sum þurfa svefn en önnur tækifæri til að hvíla líkamann, læra að slaka á og finna innri ró. Leikskólinn skaffar dýnur, kotta og teppi fyrir hvert barn. Yngstu börnin sofa á meðan þau eldri hlusta á sögu eða tónlist eða fara jafnvel í jóga eða nudd. Við þurfum öll að hvíla líkamann og slaka á og mikilvægt er að börn fái tækifæri til þess að fá hvíld frá áreiti sem getur einkennt leikskólastarfið. Börn sem sofa samkvæmt skilgreindri svefnþörf líða betur, upplifa minni streitu og ná meiri námsárangri en þau sem hafa tapað klukkustund eða meira úr svefntíma sínum. Mikilvægt er að hafa í huga að margar ástæður geta verið fyrir því að barn eigi erfiðara með að sofna á kvöldin. Það getur verið að taka þroskakipp sem þýðir að minnka þurfi daglúrinn en það er alltaf best að taka í mjög hægum skrefum. Birtan yfir vor og sumartíma getur líkað ruglað börnin í ríminu, jafnvel þó svo það séu myrkratjöld í svefnherberginu því það er bjart annar staðar í húsinu. Síðan getur líka ástæðan verið að barnið sé orðið of þreytt að kvöldi og eigi þess vegna erfiðara með að sofa. Það er því mjög mikilvægt að gefa barninu góðan tíma til að ákvarða hvort það þurfi örugglega að stytta daglúrinn.

Sérkennsla

Sérkennslustjóri leikskólans ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar ásamt leikskólastjóra. Hann heldur utan um skimanir og veitir ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskólans og foreldra. Unnið er samkvæmt snemmtækri íhlutun Hafnarfjarðarbæjar. Skimanir sem gerðar eru á öllum börnum leikskólans eru TRAS og Orðaskil auk þess sem elstu börnin taka HLJÓM-2.

Útivera

Veðurfar hér á landi getur oft á tíðum verið umhleyppingasamt og rysjótt. Því er það börnum þessa lands hollt að venjast veðráttunni eins og hún er frá blautu barnsbeini. Útivera er öllum mikilvæg og við viljum að hvert barn fari eins oft út og það vill á degi hverjum. Við leggjum einnig mikla áherslu á að bjóða upp á daglegar vettvangsferðir sem taka mið af aldri barna. Þá gefst börnunum tækifæri til að rannsaka fallett umhverfi leikskólans þar sem hraun, gjótur og mosi spila stórt hlutverk.

Fataklefinn

Í fataklefa aðstoðum við börnin við að klæðast en hvetjum þau einnig til að reyna sjálf. Hlutverk kennara í fataklefa er mikilvægt. Hér er verið að leggja orð á athafnir barna, efla getu þeirra til að hjálpa sér sjálf og því geta stundirnar í fataklefa verið mikið nám fyrir börn.

Hvert barn fær sitt fatabox undir aukaföt með eigin nafni á en á boxi hvers barns er að finna upplýsingar um það sem barnið þarf meðferðis fyrir hverja viku. Við vekjum athygli ykkar á að skoða hvort krossað hafi verið við einhvern þeirra þátta þegar þið sækið barn ykkar. Gott er að smella einni mynd með síma ykkar til að muna 😊

Fatnaður

Athygli skal vakin á því að leikskólinn er vinnustaður barnsins sem tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum á degi hverjum, jafnt inni sem úti. Biðjum við ykkur að taka tillit til þeirra þátta og sýna því skilning ef föt barna ykkar fái á sig matar- eða málningarslettur og ef útifatnaður fái á sig moldarslettur. Fatnaðurinn þarf að vera þægilegur og þola að barnið leiki sér og rannsaki umhverfi sitt og alls konar efnivið. Útifatnaður þarf að taka mið af síbreytilegri íslenskri veðráttu og þurfa börn ykkar hlý föt meðferðis til útiveru.

Vinsamlega merkið allan útifatnað barnanna.

Afmæli

Afmælisdagurinn er stór dagur í lífi hvers barns og við höldum að sjálfsögðu hátíðlega upp á hann. Barnið býr til eigin kórónu, velur sér afmælisdisk og glas til að hafa í matartímanum og stjórnar afmælisamveru þar sem það býður upp á snakk. Afmælisöngurinn er einnig sunginn fyrir barnið í Vinastund í salnum á föstudegi. Ef foreldrar vilja bjóða börnum leikskólans í afmæli heima fyrir eru þeir beðnir um að setja ekki boðskort í hólf barnanna. Þetta er til þess gert að ýta ekki undir mismunun barna á milli.

Skemmtanir og aðrir viðburðir

Porrablót - Á þorranum er haldið þorrablót í leikskólanum, þar sem börnin fá alíslenskan þorramat að borða. Börnin búa til höfuðföt, fá fræðslu um gamla tíma og læra lög sem hæfa. Þöbbum og öfum er boðið í kaffi annað hvort að morgni dags eða í lok.

Konudagur – Börnin bjóða mömmum og ömmum í konukaffi.

Öskudagur - Á öskudaginn koma börnin í leikskólann í búningum/náttfötum/furðufötum. Við höldum öskudagsball, sláum köttinn úr tunnuninn og skemmtum okkur.

Hjóladaður - Á sumrin eru haldnir ákveðnir hjóladaður, og mega börnin þá koma með hjólin sín í leikskólann. Mikilvægt er að muna eftir hjálmum á hjóladaðgum.

Sumarhátíð - Í júní heldur foreldrafélag leikskólans sumarhátíð.

Sveitaferð – Í maí stendur foreldrafélagið fyrir sveitaferð.

Aðventan – Börnin búa til jólagjafir fyrir foreldra sína og reynum við að vera búin að með þá vinnu fyrir desember svo hægt sé að hafa rólegt og kósý í leikskólanum í desember þar sem þetta getur verið álagstími í heimilum barnanna. Í desember er því verið að mála piparkökur, skapa jólaföndur, hlusta á jólalög og fleira rólegt.

Aðventukaffi – Börnin bjóða foreldrum í aðventukaffi þar sem m.a. skreyttu piparkökurnar eru í boði.

Jólaball - Í leikskólanum skellum við okkur á jólaball rétt fyrir jól og eru foreldrar barnanna velkomnir. Jólasveinn kíkir í heimsókn með eitthvað góðgæti og jafnvel litla gjöf og koma foreldrar með veitingar á kaffihlaðborð.

Leikföng

Leikföng barnanna eru ekki leyfileg í leikskólanum. Undantekning er þó gerð á ef yngri börn vilja hafa bangsa/tuskudýr sér til halds og trausts.

Samstarf skólastofnanna í Skarðshlíð

Við sjáum mikil tækifæri í því að deila byggingu með grunn- og tónlistarskóla og íþróttahúsi og er mikill vilji fyrir miklu og góðu samstarfi. Börn í unglingsáæild geta tekið valfag í leikskólanum, við erum með sameiginlegar söngstundir og förum í heimsóknir og fáum heimsóknir frá grunnskólanum. Við trúum því að þetta munu auðvelda börnum sem eru að fara frá okkur í grunnskólann mikið þá breytingu.

Veikindi

Börn eiga það til að veikjast af umgangspæstum enda mikil nálægð milli barna í leik og starfi. Við gerum ráð fyrir að börn séu nægilega hress til að taka þátt í öllu starfi og þess vegna getum við ekki tekið á móti veiku barni eða barni sem er að veikjast. Ef barn veikist og fær hita, þarf það að dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa. Fá barn smitandi sjúkdóm verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsögð tillitsemi við önnur börn og starfsfólk. Innivera eftir veikindi miðast við einn dag og í samráði við starfsmenn. Skipulag í leikskólum gengur út á starf með frískum börnum og þar er ekki gert ráð fyrir starfsmanni til að sjá um barn sem ekki getur tekið þátt í daglegu starfi leikskólans. Við höldum börnum ekki inni til þess að koma í veg fyrir að þau veikist.

Gott er fyrir starfsfólk leikskólans að fá upplýsingar um veikindi barnanna, hægt er að tilkynna þau í síma 527-7380 eða á Karellen.

Lyf

Ef börn þurfa að taka lyf er mikilvægt að haga lyfjagjöfni þannig að hún fari fram heima fyrir. Kennarar leikskólans mega ekki gefa börnum lyf nema það sé bráðnauðsynlegt. Undantekning er þó gerð ef um astmapúst er að ræða. Ef barn er með fæðuóþol eða ofnæmi verða foreldrar/forráðamenn að skila inn læknisvottorði.

Óhöpp eða slys/tryggingar

Í Skarðshlíðarleikskóla er strax haft samband við foreldra ef barnið þeirra slasast. Ef við metum það alvarleika slyssins þannig þá hringjum við á sjúkrabíl áður en haft er samband við foreldri. Nauðsynlegt er að allar bráðaupplýsingar sem leikskólinn hefur um barnið séu rétt útfyllta og farið sé reglulega yfir þær. Leikskólinn skráir öll slys hjá sér og geymir þau göng eins og reglur gera ráð fyrir. Barnið er tryggt á meðan það er í leikskólanum.

Breytingar á högum

Forráðamenn eru beðnir að tilkynna til leikskólans um breytingar á högum sínum svo sem breytt heimilsfang, símanúmer og um breytta hjúskaparstöðu. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn láti deildarstjóra vita um alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu barnsins svo kennarar geti sem best mætt þörfum barnsins.

Vernd barna og ungmenna

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna frá 2002 13.gr „Tilkynningaskylda þeirra sem afskipta hafa af börnum og ungmennum. Hverjum, sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og í starfi sínu verður var við óviðunandi misfellur á uppeldi og aðbúnaði barna eða ungmenna er skyld að gera barnaverndarnefnd viðvart“. Okkur er því skylt að tilkynna til barnaverndar ef grunur er um vanrækslu eða einhvers konar ofbeldi gagnvart barni. Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti framur ákvæðum laga um þagnarskyldu.

Leikskólagjöld

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram, einn mánuð í senn. Systkinaafsláttur og tekjuafsláttur er veittur, upplýsingar um afslátt og gjaldskrá má finna inn á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Segja þarf leikskólaplássi upp með mánaðar fyrirvara. Séu gjöldin ekki greidd í þrjá mánuði, er HFJ bæ heimilt að segja upp plássi barnsins.

Vistunartími

Þegar barnið byrjar í leikskólanum er gerður skriflegur samningur við foreldra/forráðamenn um vistunartíma barns. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn virði þann dvalartíma sem samið hefur verið um því skipulag skólstarfsins og fjöldi starfsmanna byggist á fjölda barna á hverjum tíma. Það getur því varðað öryggi barna ef börn koma of snemma eða eru sótt of seint. Óskir um breytingar á vistunartíma barna verða að koma fyrir 15. hvers mánaðar og er eyðublað fyllt út hjá leikskólástjóra. Við reynum eftir fremsta megni að verða við óskum foreldra/forráðarmanna en stundum er það ekki hægt vegna aðstæðna í skólanum, s.s. mönnunar. Athygli er vakin á að Hafnarfjarðarbær leyfir í mesta lagi 8,5 tíma í vistun.

Foreldrafélag

Í Skarðshlíðarleikskóla er starfrækt foreldrafélag sem sér um ýmsar skemmtanir og uppákomur fyrir börnin s.s. sumarhátíð, jólaball og sveitaferð. Stofnaður hefur verið sjóður á vegum félagsins sem foreldra geta greitt í svo hægt sé að standa undir kostnaði. Foreldrar hafa val um að greiða í sjóðinn og einungis er greitt eitt gjald á fjölskyldu. Rukkun er send í heimabanka einu sinni á önn. Inn á heimasíðu leikskólans er hægt að sjá hverjir sitja hverju sinni í stjórn foreldrafélagsins. Félagið er með netfangið foreldraf.shl@gmail.com

Foreldraráð

Samvæmt 11. gr. laga um leikskóla skal vera starfrækt foreldraráð í leikskólum. Kosnir eru a.m.k. 3 foreldrar til að sitja í ráðinu til eins ár í senn og skal kosning fara fram í september á hverju ári. Leikskólastjóra ber að starfa með ráðinu. Foreldraráð sér um að gefa umsagnir til leikskólans td. um skólanámskránna og ýmsar áætlanir, fylgjast með framkvæmd þess og kynningu þeirra til foreldra. Það hefur einnig umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu. Foreldrar leikskólabarna geta leitað til foreldraráðs ef þeir vilja gera athugasemdir við starf, stjórnun eða aðbúnað leikskólans og foreldraráð kemur því í farveg. Upplýsingar um hverjir sitja í ráðinu og netföng þeirra má finna á heimasíðu leikskólans.

Skipulagsdagar

Skarðshlíðarleikskóli lokar fimm daga á ári vegna skipulagsdaga starfsmanna. Þeir dagar eru nýttir í námskeið og fyrirlestra fyrir starfsfólk og til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starf leikskólans. Skipulagsdagar eru merktir inn á skóladagatali og eru að auki auglýstir með góðum fyrirvara.

Sumarleyfi og frídagar

Leikskólar Hafnarfjarðar eru lokaður í 4 vikur, eða 20 virka daga, á sumrin, frá því um miðjan júlí – miðjan ágúst. Þá er sumarleyfi barna og starfsfólks. Einnig er lokað á öllum rauðum helgidögum sem og sumardaginn fyrsta, 1. maí og 17. júní.

Lokaorð

Það er okkar ósk að starfsfólk Skarðshlíðarleikskóla, börn og foreldrar eigi gott samstarf og líði vel saman. Við reynum að vera alltaf til staðar til að svara spurningum ykkar varðandi starfið og koma til móts við þarfir ykkar.

Með von um gott og jákvætt samstarf

Starfsfólk Skarðshlíðarleikskóla.